

# Grunnskóli Hornafjarðar



Fréttabréf 6. tbl. 11. árg. september 2017

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

## Plastlaus september

Í september tekur skólinn þátt í átakinu plastlaus september. Er það eitt af mörgum skrefum sem verið er að stíga í skólanum í átt til meiri sjálfbærni og umhverfisverndar. Ekki er þó svo að skilja að skólinn sé alveg plastlaus í september heldur er verið að stíga ákveðin skref og markmiðið er að þau séu varanleg. Þau skref sem nú eru tekin í skólanum eru að;

- setja allt plast í endurvinnslu
- fækka plastpokum í rusli og nota þá sem eru oft
- hætta notkun einnota íláta og nota margnota
- fræðsla um mikilvægi þess að halda umhverfinu hreinu og týna upp plast sem verður á vegi okkar
- fræðsla um plastagnir í t.d. snyrtivörum og skaðsemi þeirra
- fræðsla um það hvernig plastagnir berast út í umhverfið og menga náttúruna.

Til að breyta hlutunum til frambúðar eru smáu skrefin oft þau sem skipta mestu máli séu þau varanleg. Smám saman er svo hægt að bæta fleirum við án þess að fólki finnist það neitt tiltökumál. Meiri upplýsingar um plastlausan september má finna á síðunni <https://plastlausseptember.is/>



## Áframhaldandi vinna við að bæta samskipti

Umtalsverður árangur náðist í skólanum síðasta vetur við að bæta samskipti nemenda og sást mikil breyting frá hausti fram á vor. Starfsfólk skólans er þó ekki hætt og stefnir á að ná enn meiri árangri. Markmiðið er að útrýma einelti alveg. Þess vegna eru kennarar skólans aftur sestir á

skólabeck hjá Vöndu Sigurgeirsdóttur. Námskeiðið sem þeir sitja í vetur heitir Verkfærakistan og upp úr kistli sínum dregur Vanda ýmis verkfæri til að vinna að bættum samskiptum og æfir kennara í að nota þau.



Til að ná því markmiði að útrýma einelti er samstarf við nemendur og foreldra afar mikilvægt. Mjög mikilvægt er að grípa snemma inn í samskiptavanda áður en að alvarlegir hlutir eins og einelti koma fram.

Það er eðlilegasti hlutur í heimi að nemendum verði á í samskiptum, þau eru að læra og fólk lærir af mistökum sínum. Sumir gera fá mistök, aðrir mörg en með æfingu og tíma geta allir bætt sig.

## Foreldrafélag

Við hvern skóla skal samkvæmt lögum starfa foreldrafélag og hefur foreldrafélag verið starfandi við Grunnskóla Hornafjarðar frá stofnun hans. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur og hefur foreldrafélag skólans einnig samþykkt lög félagsins. Hlutverk foreldrafélaga er m.a.

- Að styðja við skólastarfið
- Stuðla að velferð nemenda skólans
- Efla tengsl heimilis og skóla
- Hvetja til virkrar þátttöku foreldra í skólastarfi
- Hagsmunagæsla, aðhald og eftirlit með skólastarfinu



Á hverju ári kjósa foreldrar í árgöngum sérstaka bekkjarfulltrúa eða tengla sem halda þá utan um foreldrastarf hvers árgangs. Tenglarnir mynda síðan stjórn foreldrafélagsins. Hægt er að sjá hverjir eru tenglar í árgöngum inn á heimasíðu skólans

<http://gs.hornafjordur.is/foreldrar/foreldrafelag/bekkjatenglar/>.

## Skólaráð

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra, kennara og foreldra um skólahald auk þess sem fulltrúi nemenda á aðild að því í málum sem snerta nemendur beint. Skólaráð skal skipað nú einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í

viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Sú hefur skapast við þennan skóla að fulltrúar nemenda úr 10. bekk í nemendaráði sitji í skólaráði og eins hafa sex fulltrúar foreldra verið kosnir svo það sitji a.m.k. alltaf þrír þeirra á fundum.



Hlutverk skólaráðs er meðal annars að fjalla um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð fylgist með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Það getur veitt skólanum og skólayfirvöldum virkt

og uppbyggjandi aðhald og komið með tillögur til úrbóta. Eftirfarandi aðilar eru fulltrúar í skólaráði veturinn 2017-2018

### **Fyrir hönd nemenda;**

Birna Rós Valdimarsdóttir, Harpa Lind Helgadóttir og Sandra Rós Karlsdóttir

### **Fyrir hönd foreldra;**

Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Hildur Þórsdóttir, Guðbjörg Anna Bergsdóttir og Steinunn Hödd Harðardóttir. Formaður stjórnar foreldrafélagsins hverju sinni situr einnig í skólaráði og nú er það Árdís Erna Halldórsdóttir

### **Fyrir hönd starfsmanna;**

Anna Björg Kristjánsdóttir, Fjóla Jóhannsdóttir, Elín Magnúsdóttir og Þórgunnur Torfadóttir.

### **Skólapeysur**

Foreldrar standa áfram fyrir sölu á skólapeysunum og tekur Guðrún Ragna Valgeirsdóttir við pöntunum fram að 15. október á netfanginu [gunnaval@hornafjordur.is](mailto:gunnaval@hornafjordur.is) . Ekki verður hægt að máta peysurnar en foreldrum bent á að fá að prófa hjá öðrum nemendum.



## Árshátíð – 1. nóvember

Að þessu sinni verður árshátíð skólans haldin 1. nóvember í stað marsmánaðar. Ástæðan fyrir breytingunum er að á vorönn er oft mjög mikið um að vera hjá nemendum og erfitt að finna tíma til æfinga og undirbúnings. Nemendur munu því á næstunni velja sér árhátíðarsmiðjur og svo sjáumst við öll í íþróttahúsinu 1. nóvember.

### Matseðill í október

- 2.okt Plokkfiskur með rúgbrauði.
- 3.okt Lambasnitsel í raspi.
- 4.okt Fiskbúðingur með karrýsósu.
- 5.okt Hakk og spaghetti.
- 6.okt Kjötsúpa.
  
- 9.okt Soðinn fiskur með rúgbrauði.
- 10.okt Heitt blóðmör og lifrarpylsa.
- 11.okt Ofnsteiktur fiskur með smjöri.
- 12.okt Svikinn héri með brúnni sósu.
- 13.okt Hrísgjónagrautur.
  
- 16.okt Eggjasteiktur fiskur með kartöflum.
- 17.okt Tortillur með hakki.
- 18.okt Steikt rauðspretta með smjöri.
- 19.okt Pylsupottréttur með kartöflumús.
- 20.okt Súpa, brauð og álegg.
  
- 23.okt Soðinn fiskur með rúgbrauði.
- 24.okt Grísasteik með kartöflum og sósu
- 25.okt Fiskréttur með hrísgjónum.
- 26.okt Píta með buffi.
- 27.okt Skyr, brauð og álegg.
  
- 30.okt Steiktur fiskur í ofni með kartöflum.
- 31.okt Lambasteik m. brúnni sósu.

Munið hjálm á kollinn fyrir alla.  
Það er flott að vera með hjálm  
og hann verndar vel ef við  
lendum í slysi.



**Ferðumst með eigin orku – göngum eða hjólum í skólann.  
Með því erum við ekki bara að efla andlega og líkamlega heilsu heldur erum við líka  
að stuðla að hreinna og heilbrigðara umhverfi.  
Ábyrgðin er okkar**